# UNGMENNAÞING VESTURLANDS

## 22.-24.OKTÓBER Á LÝSUHÓLI

Dagana 22.-24.október 2021 fer fram ungmennaþing Vesturlands á Lýsuhóli.

Um er að ræða samstarfsverkefni sveitafélaga á Vesturlandi, ungmennaráðs Vesturlands og Samtaka sveitafélaga á Vesturlandi (SSV).

**Markmiðið með þinginu er að:**

- fá ungt fólk af öllu Vesturlandi saman
- kjósa í ungmennaráð Vesturlands
- njóta og hafa gaman
- stuðla að uppbyggingu í þágu ungs fólks á öllu Vesturlandi
- skapa vettvang fyrir samtal ungmenna við kjörna fulltrúa sveitarfélaganna

Þátttakendur munu ræða stöðu ungmenna á Vesturlandi frá ýmsum hliðum auk þess sem boðið verður upp á kynningar sem tengjast málefnum ungs fólks og ungmennaráða.

Þingið er ætlað ungu fólki á aldrinum 14 – 25 ára.
Fjöldi þátttakenda er takmarkaður við 40 manns og er hámarksfjöldi 6 þátttakendur frá hverju sveitafélagi. Þátttakendum yngri en 18 ára þarf að fylgja fullorðinn einstaklingur.

Þátttaka er gjaldfrjáls og innifalið í þátttöku er gisting, allar máltíðir, vinnugögn og annað tilheyrandi.
Ferðakostnaður er á höndum sveitafélaganna sjálfra.

**Skráningafrestur er til og með 17.október**

## Hægt er að smella hér til að skrá sig

Ef það vakna upp spurningar, hafið samband við Ívar Orra Kristjánsson, starfsmann ungmennaráðs Vesturlands.
E: **ivar.orri@akraneskaupstadur.is**